

**Umræða stefnu og áherslur Reykjavíkurborgar í málefnum aldraðs fólks í Reykjavík
(að beiðni borgarfulltrúa Viðreisnar)**

Greinargerð

Stefna um málefni aldraðra rann út árið 2022. Farið var af stað með stefnumótunarvinnu sem lítið hefur heyrst frá. Í samstarfssáttmála segir „Við ætlum að styðja við uppbyggingu ríkisins á hjúkrunarheimilum og bæta heimaþjónustu með aukinni heimahjúkrun og dagþjálfun í samstarfi við ríkið.“

Borgarstjórnarflokkur Viðreisnar óskar eftir umræðu um stöðuna í málefnum eldra fólks nú þegar aðgerðaáætlun um þjónustu við eldra fólk 2023–2027, Gott að eldast, er hálfnuð.

Aðgerðaáætlun stjórnvalda er ætlað að vera leiðarvísir til að skapa skýra framtíðarsýn og leiðir til að bæta þjónustu við eldra fólk og vinna heildarstefnu sem feli í sér að eitt þjónustustig taki hnökralaust við af öðru óháð rekstraraðila.

Hver er áhersla borgarinnar á grunnverkefni sveitarfélaga þegar það kemur að þjónustu við aldraða Reykvíkinga og hver er staðan hvað varðar upplýsingamiðlun, samþættingu, þróun þjónustu, virkni aldraðs fólks og heimili? Hvar stendur Reykjavíkurborg í sínum verkefnum? Hvernig er staðan á stefnumótun borgarinnar?